



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps
Þriðjudagurinn 14. ágúst 2018, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þránísson. Einnig sátu fundinn Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundarfulltrúi, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Björk Stefánsdóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykóhaskóla og Íris Ósk Sigþórsdóttir fyrir hönd leikskóla.

Árný skrifaði fundargerðina.

Árný Huld bauð fólk velkomið á fyrsta fund nýrrar nefndar á þessu kjörtímabili.

Dagskrá:

Áður en gengið var til dagskrár skipti nefndin með sér verkum. Tillaga um Árnýju Huld Haraldsdóttur sem formann nefndarinnar var samþykkt samhljóða, tillaga um Vilberg Þránísson sem varaformann nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

- 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 26. apríl 2018.**
Farið yfir fundargerðina – gerð athugasemd við dagsetningu fundargerðarinnar.
- 2. 1801007 - Ný persónuverndalöggjöf - Reykóhaskóli.**
Marínó G. Njálsson fenginn til samstarfs við skólann að vinna áhættumat fyrir Reykóhaskóla vegna nýrrar persónuvendarlöggjafar. Skólinn kemur ágætlega út í áhættumatinu og liggur fyrir hvaða vinnu skólinn þarf að fara í.
- 3. 1808002 - Úttekt á starfsemi Reykóhaskóla skólaárið 2018-2019.**
Menntamálaráðuneytið gerir úttekt á Reykóhaskóla í vetur.
- 4. 1808003- Ráðstöfun styrks til æskulýðsstarfsins, ferð 15 ára unglinga til Grikklands.**
Tómstundafulltrúi óskar eftir leyfi mennta- og menningarmálanefndar til að fara í ferð.

Árný Huld vildi láta bóka eftirfarandi:

„Tómstundafulltrúi sækir um styrk til námskeiðs í Grikklandi fyrir 2 börn sem eru orðin 15 ára á þessu ári. Þannig háttar til að þessir tvö börn eru í bekk með einu barni til viðbótar. Styrkur til námskeiðs var veittur. Tómstundafulltrúi óskar eftir skoðun Mennta- og menningarmálanefndar á fyrirhugaðri ferð. Ég tel að gagnsæis hafi ekki verið að fullu gætt þegar sótt var um styrk fyrir aðeins hluta barna úr sama árgangi án þess að þeim hafi öllum verið gerð grein fyrir ástæðum þess eða forsendum umsóknar í upphafi. Hafa þarf í huga að allir styrkir sem sótt er um geti mögulega verið veittir þeim sem um sækir. Þar sem þessi styrkur er nú þegar í höfn tel ég að, að svo búnu, tel ég að fara eigi í ferðina.“
Jafnframt vill hún láta bóka eftirfarandi varðandi starfsemi sveitarfélagsins: „Jafnrétti er einn af grunnþáttum í allri starfsemi sveitarfélaga. Tillaga mín í framhaldinu er sú að ég legg til að Mennta- og menningarmálanefnd fari þess á leit við sveitarstjórn að hún árétti við allar stofnanir Reykólahrepps að þær gæti fyllsta jafnréttis og gagnsæis þegar sótt er um styrki og þeim deilt út. Einnig verði áréttað að vandað sé til undirbúnings styrkumsókna og forvinnu þeirra þar sem forsendur séu ljósar og öllum aðilum gerð grein fyrir þeim.“

Jóhanna vildi láta bóka eftirfarandi: “ Reykhólahreppur 14. ágúst 2018

Reykhólahreppur fær það einstaka tækifæri að senda fulltrúa til að taka þátt í tengslaráðstefnu sem getur nýst sveitarfélaginu í heild og stuðlað að samstarfsvettvangi við önnur lönd og jafnvel orðið til þess að hópurinn fái allur að taka þátt í stærra verkefni. Það sem er ennþá betra við verkefnið er að ekki eru valdir fulltrúar af handahófi eins og tíðkast víða annarsstaðar, heldur er öllum 15 ára börnum boðið að taka þátt.

Hingað til hefur tómstundastarf verið miðað að þörfum hvers og eins, þátttaka í verkefnum sem ýta undir styrkleika einstaklingsins hefur fæst í aukana. Við verðum að halda áfram sem sveitarfélag að stuðla að einstaklingsmiðuðum úrræðum. Í skólastefnu Reykhólahrepps segir: „að starfsfólk hafi trú á nemendum og leggi sig fram að finna fjölbreyttar leiðir sem henta hverjum og einum.“ Þessi orð Reykhólahrepps segja að ekki þurfi allir að fá allt eins. Í æskulýðslögum er skilgreiningin á æskulýðsstarfi eftirfarandi: „ skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.“ Sem sagt stuðla að einstaklingsmiðuðum úrræðum og höfða til áhuasviðs einstaklinganna.

Við verðum að fagna fjölbreytileikanum og passa okkur á því að setja ekki öll börn í sama kassann því það hentar ekki allt öllum börnum. Þess vegna verðum við að finna leiðir til að samgleðjast þeim sem fá að taka þátt í einstökum verkefnum við hæfi hvers og eins þó svo að ekki allur hópurinn fái að fara.

Viðloðandi álag og kvabb hefur orðið til þess að ég treysti mér ekki til að sinna uppbyggilegu starfi sem er samkeppnishæft við sveitarfélögin í kring. Þá verð ég því miður að segja starfi mínu lausu frá og með deginum í dag 14. ágúst 2018. Uppsagnarfrestur er svo útfærsluatriði sveitarstjórnar. Þakka gott samstarf.”

Mennta- og menningamálanefnd óskar þess að Jóhanna endurskoði uppsögn sína úr starfi tómstundarfulltrúa og vonar að hún dragi hana til baka. Jóhanna hefur unnið frábært starf síðastliðin ár í frumkvöðlastarfi tómstundarfulltrúa Reykhólahrepps.

Nefndin telur að skipulagningu námskeiðsferðarinnar skuli haldið áfram og styður við tómstundarfulltrúa að fara í þessa ferð með þeim sem hlutu styrk til ferðarinnar.

Nefndin vill verða tómstundarfulltrúa meiri stuðningur í starfi.

Okkar tillaga er að auka gagnsæi og upplýsingaflæði í styrktarumsóknum á vegum sveitarfélagsins.

Mál til kynningar:

5. 1801032 - Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri lagði fram drög að nýrri stundaskrá Reykhólaskóla og kynnti verkefni næstu daga og vikunnar.

Önnur mál (ef einhver):

6. Skýrsla tómstundarfulltrúa.

Tómstundarfulltrúi lagði fram skýrslu tómstundarfulltrúa fyrir sumarið 2018.

Skoða þarf aðstöðu barnanna í vinnuskóla með tilliti til almennrar-, salernis- og hreinlætisaðstöðu. Starfsfólk sveitarfélagsins þarf einnig að fylgja öryggisreglum gagnvart börnum í vinnuskóla.

Fundi slitið kl. 18:00

Reykhólum 14. ágúst 2018

formaður mennta- og menningarmálanefndar

Árný Huld Haraldsdóttir

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____